

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/969**2019/EES/6/03****frá 9. júlí 2018****um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar kröfur um að fjarlægja sérstök áhættuefni úr smáum jörturdýrum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [áður smitandi heilahrönnun] í dýrum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýrarfkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértílvikum, um útflutning þeirra.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er sérstakt áhættuefni skilgreint sem þeir vefir sem eru tilgreindir í V. viðauka við hana og kveðið á um að sérstakt áhættuefni skuli fjarlægt og því fargað í samræmi við V. viðauka við fyrrgreinda reglugerð og við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 ⁽²⁾. Fjarlægging sérstaks áhættuefnis er ráðstöfun sem er ætlað að bregðast við áhættu í tengslum við kúariðu í nautgripum, sauðfé og geitum. Mælt er fyrir um skrána yfir sérstök áhættuefni í sauðfé og geitum í b-lið 1. liðar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 3) Tilmæli Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar varðandi kúariðu, sem sett eru fram í kafla 11.4 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr ⁽³⁾, eiga einungis við um smitefni kúariðu í nautgripum. Að því er varðar sauðfé og geitur hefur Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin því ekki skilgreint neina skrá yfir vefi sem ekki ætti að eiga viðskipti með vegna áhættu í tengslum við kúariðu.
- 4) Í áætlunarskjali framkvæmdastjórnarinnar um smitandi svampheilakvilla fyrir árin 2010–2015 ⁽⁴⁾ er gert ráð fyrir þeim möguleika að endurskoða núgildandi skrá yfir sérstök áhættuefni á grundvelli vísindapækkingar og að teknu tilliti til þróunar á faraldsfræðilegri stöðu kúariðu. Ástandið í Sambandinu, að því er varðar kúariðu, hefur batnað umtalsvert. Á árinu 2016 var tilkynnt um fimm tilvik kúariðu í nautgripum í Sambandinu samanborið við 2166 tilkynnt tilvik á árinu 2001. Þessi framför í Sambandinu að því er varðar kúariðuástandið endurspeglast í þeirri staðreynd að nú eru 24 aðildarríki og tvö svæði aðildarríkis viðurkennd sem ríki eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ⁽⁵⁾, á grundvelli viðurkenningar Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar á stöðu áhættu í tengslum við kúariðu.
- 5) Að því er varðar sérstakt áhættuefni úr smáum jörturdýrum er í áætlunarskjali framkvæmdastjórnarinnar um smitandi svampheilakvilla fyrir árin 2010–2015 greint frá áhættumati, sem stóð yfir á þeim tíma, um mikilvægi skrárinnar yfir sérstök áhættuefni í smáum jörturdýrum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) birti þetta áhættumat 2. desember 2010 í vísindalegu álit um smitvirkni kúariðu/smitandi svampheilakvilla í vefum smárra jörturdýra (hér á eftir nefnt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2010) ⁽⁶⁾. Í því álitu áætlaði Matvælaöryggisstofnunin að fjöldi smárra jörturdýra, sem væru smituð af kúariðu og gætu komið inn í fæðukeðjuna í Sambandinu á hverju ári, væri mjög takmarkaður og staðfesti að þessar áætlanir mæla gegn víðtækum kúariðufaraldri í stofni smárra jörturdýra í Sambandinu. Þessar niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar gilda fyrir allt Sambandið óháð stöðu áhættu í tengslum við kúariðu í aðildarríkjum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 174, 10.7.2018, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Stjttíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

(3) http://www.oie.int/index.php?id=169&L=0&htmfile=chapitre_bse.htm

(4) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins — Leiðabók 2 vegna smitandi svampheilakvilla — Áætlunarskjal um smitandi svampheilakvilla fyrir árin 2010–2015, COM(2010) 384 lokagerð.

(5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjttíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).

(6) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(12), 1875 [92 bls.].

- 6) Eins og um getur í sameiginlegu vísindalegu álitum um hugsanlegt faraldsfræðilegt eða sameindalegt samband á milli smitandi svampheilakvilla í dýrum og í mönnum, sem Matvælaöryggisstofnunin og Sóttvarnastofnun Evrópu samþykktu 9. desember 2010 ⁽¹⁾, hefur einungis verið tilkynnt um tvö tilvik kúariðu við náttúrulegar aðstæður í geitum á heimsvísu og ekkert tilvik kúariðu við náttúrulegar aðstæður í sauðfé hefur verið tilkynnt. Bæði tilvikin um kúariðu við náttúrulegar aðstæður greindust í geitum sem fæddust áður en bannið um fódur alidýra á unnu dýraprófíni var innleitt og á þeim tíma þegar kúariðufaraldurinn í nautgripum var að ná hámarki.
- 7) Hinn 5. ágúst 2015 birti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit á beiðni um endurskoðun á vísindalegru útgáfu varðandi getu príóna úr riðuveiku sauðfé til að berast í menn (hér á eftir nefnt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2015) ⁽²⁾. Í því álit komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að engar vísbendingar væru um orsakatengsl milli riðuveiki og smitandi svampheilakvilla í mönnum og staðfesti að eina smitefni smitandi svampheilakvilla sem gæti borist í menn væri smitefni dæmigerðrar kúariðu. Enn fremur lagði Matvælaöryggisstofnunin áherslu á að engar faraldsfræðilegar vísbendingar gæfu til kynna að riðuveiki bærist í menn, einkum þar eð einstök tilvik Creutzfeldt-Jakobs-sjúkdómsins í mönnum eru álíka tíð í löndum með fá tilvik riðuveiki og í löndum með mörg tilvik riðuveiki.
- 8) Því er rétt að breyta núgildandi kröfum um að fjarlægja sérstök áhættuefni úr smáum jörturdýrum þannig að aðeins þeir vefir, sem hafa mestu smitvirkni kúariðu í smituðu smáum jörturdýri, séu tilgreindir sem sérstakt áhættuefni. Samkvæmt álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2010 sýna tilraunagögn að mesta smitvirknin í sauðfé sem er sýkt af kúariðu finnst í heilanum og mænunni.
- 9) Með tilliti til erfiðleika í framkvæmd við að tryggja að smit berist ekki í bein hausvápunar úr heilavefjum skal hausvápa úr sauðfé og geitum, sem eru eldri en 12 mánaða eða eru komin með fullorðinsframtönn sem er komin upp úr gömnum, áfram tilgreind sem sérstakt áhættuefni í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 10) Því ætti aðeins að líta á hausvápu, þ.m.t. heili og augu, og mænu úr dýrum, sem eru eldri en 12 mánaða eða eru komin með fullorðinsframtönn sem er komin upp úr gömnum, sem sérstakt áhættuefni í sauðfé og geitum.
- 11) Vegna sérstöðu sauðfjár- og geitaræktunar er sjaldan mögulegt að fastsetja nákvæman fæðingardag þessara dýra og því eru slík gögn ekki höfð með í skrá bús sem krafist er í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 ⁽³⁾. Því er þess krafist sem stendur að fjarlægja skuli heila, hausvápu og augu úr sauðfé og geitum ef viðkomandi dýr er eldra en 12 mánaða eða er komið með fullorðinsframtönn sem er komin upp úr gömnum.
- 12) Einungis er unnt að áætla aldur sauðfjár og geita á grundvelli tannsetningar þar eð skeið getur nokkrum mánuðum á dagsetningunni þegar fyrsta fullorðinsframtönnin kemur upp í sauðfé eða geitum. Aðrar aðferðir til að meta hvort sauðfé og geitur, sem eru send til slátrunar, séu eldri en 12 mánaða geta veitt jafngildar ábyrgðir varðandi aldur dýranna. Þar eð slíkar aðferðir geta verið háðar sérstökum starfsvenjum við slátrun á sauðfé og geitum á landsvísu ætti lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem slátrunin fer fram, að meta áreiðanleika slíkra aðferða. Því ætti að breyta b-lið 1. liðar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til að kveða á um möguleikann á að meta hvort dýr sé eldra en 12 mánaða með aðferð sem lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem slátrunin fer fram, samþykkir.
- 13) Breyta ætti V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað b-liðar 1. liðar í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 komi eftirfarandi:

- „b) að því er varðar sauðfé og geitur: hausvápa, þ.m.t. heili og augu, og mæna úr dýrum, sem eru eldri en 12 mánaða eða eru komin með fullorðinsframtönn sem er komin upp úr gömnum, eða eldri en 12 mánaða samkvæmt mati með aðferð sem lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem slátrunin fer fram, samþykkir.“

⁽¹⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(1), 1945 [111 bls.].

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(8), 4197 [58 bls.].

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE (Stjttíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
